

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 143/318**  
**komudagur 21.11.2013**

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21.11.2013  
Tilvísun vor: 00.11

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983, um Landsvirkjun, með síðari breytingum (heimild til sameiningar), 165. mál**


Að beiðni nefndasviðs Alþingis (efnahags- og viðskiptanefndar) hefur Landsvirkjun fjallað um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 42/1983 um Landsvirkjun með síðari breytingum, þingskjal 197, 165. mál, sem lagt hefur verið fram á 143. löggjafarþingi 2013 – 2014.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að við löginn bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

*“Heimilt er að sameina Þeistareyki ehf. og Landsvirkjun með þeim hætti að Landsvirkjun taki yfir allar eignir, skuldir, réttindi, skuldbindingar og rekstur Þeistareykja ehf. frá og með 1. júlí 2013, að um sameininguna/samrunann fari með sama hætti og þegar um er að ræða sameiningu/samruna einkahlutafélags við hlutafélag og að sömu laga og reglna og viðmiðana verði gætt við samrunann.”*

Eins og fram kemur í niðurlagi almennra athugasemda með frumvarpinu hefur frumvarpið verið samið í samráði við Landsvirkjun. Leggur Landsvirkjun eindregið til að frumvarpið verði samþykkt.

Vakin er athygli á því að í sameignarfélagssamningi Landsvirkjunar er beinlínis gert ráð fyrir þeim möguleika að til sameiningar við önnur félög geti komið að fengnu samþykki Alþingis. Nauðsynlegt var því að afla samþykkis og heimildar Alþingis fyrir samrunanum sem Alþingi veitti með skýrum hætti með 4. gr. fjárukalaga nr. 122/2012 fyrir árið 2012, (nýr liður, 7.20 í 6. gr. fjárlaga fyrir árið 2012). Með ákvörðun dagsettri þann 14. febrúar 2013 synjaði fyrirtækjaskrá hins vegar fyrirhuguðum samruna Landsvirkjunar og Þeistareykja ehf. með vísan til þess að samruninn ætti sér ekki næga lagastoð. Í ljósi þessarar niðurstöðu fyrirtækjaskrár er nauðsynlegt að afla skýrari viðbótarheimildar Alþingis með breytingu á lögum Landsvirkjunar nr. 42/1983 sem staðfestir enn frekar þá heimild sem Alþingi veitti með fjárukalögum nr. 122/2012. Er í frumvarpinu nú lagt til að heimildin verði veitt með bráðabirgðaákvæði í lögum Landsvirkjunar sem taki til þessa einstaka tilviks og því er ekki um almenna heimild að ræða enda þarf ávallt samkvæmt sameignarfélagssamningi Landsvirkjunar að afla samþykkis Alþingis fyrir hverjum og einum samruna félagsins við önnur félög. Þar sem nokkur tími er liðinn frá því upphaflega var gert ráð fyrir samrunanum og ákvæði einkahlutafélagalaga kveða á um tiltekið sex mánaða



tímamark í því efni er gert ráð fyrir því að samruninn miðist við 1. júlí 2013 í stað 1. september 2012 eins og upphaflega var áætlað. Með þeim hætti er farið að meginreglum einkahlutafélagalaga hvað samrunann varðar. Að öðru leyti tekur Landsvirkjun undir þær skýringar og þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum með frumvarpinu.

Virðingarfyllt

Hörður Arnarson  
forstjóri